

Úthlutun styrkja úr Samfélagssjóði Fljótsdals 10. júní 2020



FÖGUR FRAMTÍÐ Í
FLJÓTSDAL

- | | | |
|----------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 150.000 | Skemmtikvöld- /Konukvöld
Markmiðið er að ná saman sem flestum konum. Þarna yrði tískusýning, skemmtikraftur, bingó, léttar veitingar og í lokin sölusýning á því sem væri búið að sýna. Lögð áhersla á afurðir, vörur og þjónustu sem er til staðar í dalnum. | Sigríður Hrönn Gunnarsdóttir |
| 200.000 | Aðventa
Hljómsveitinn Mógil hefur samið tónlist og texta undir áhrifum frá hinni sígildu skáldsögu Aðventu eftir rithöfundinn Gunnar Gunnarsson. Tónlistin var gefin út af þýska útgáfufélaginu "Winter and Winter" í september 2019. Mógil hyggst flytja tónlistina á Skriðuklaustri, menningarsetri skáldsins í lok október 2020. Með þeim í för verður leikarinn Orri Huginn Ágústsson og mun hann lesa valda kafla úr bókinni undir tónlistinni. | Tónlistafélagið Mógil
Ragnheiður Árnadóttir
Samstarf tónlistarmanna við Gunnarsstofnun. |
| 400.000 | Gróðurhús og ræktun
Verkefnið gengur út á að koma upp ræktunaraðstöðu til ræktunar á kryddjurtum og jarðarberjum. Tilraun til að rækta söluvænar tegundir sem nýst geta í veitingaþjónustu á svæðinu og í beinni sölu í gegnum REKO. | Anna Jón Árnmarssdóttir |
| 500.000 | Hnútu handverk
Verkefnið er að hvetja fljótsdælinga og nærsveitunga til að koma saman í spjall og miðla því sem það er að gera í handavinnu og handverki. Styðja við gamlar og nýjar aðferðir í handavinnu/handverki og koma af stað hvata til skapandi handverks. Halda tvö námskeið með faglegum leiðbeinendum, eitt að hausti og eitt næsta vor. | Kristín Gunnarsdóttir.
Samstarf Hallormsstaðaskóla og Lára Vilbergsdóttir í Húsi handanna |
| 500.000 | Ævintýri á Héraði – Fjölskylduleikur
Ævintýri á Héraði er skemmtilegur leikur í snjallsíma sem fær íslenskar fjölskyldur á ferðalagi til að heimsækja áhugaverða staði á Héraði og hjálpa um leið föruneyti hringsins við að finna fjársjóð Lagarfljótsormsins. | Gunnarsstofnun f.h. Upphéraðsklasans.
Skúli Björn Gunnarsson |
| 90.000 | Ormsskrínið við Hrafnkelsstaði
Um er að ræða viðgerð á upplýsingaskilti um Lagarfljótsorminn við Hrafnkelsstaði | Ormsskrínið
Skúli Björn Gunnarsson |



- 600.000** **Gerð viðskiptaáættunar og stofnun félags um skinnaverkun.**
Gera vandaða viðskiptaáætlun fyrir skinnaverkun og stofna einkahlutafélag í framhaldi af því. Markmiðið er að koma upp skinnaverkun í heimabyggð, auka sjálfbærni, stuðla að fullnýtingu afurða og skapa störf.
- Jósef Valgarð Þorvaldsson**
- 600.000** **Vandaðir húsmunir úr íslenskum við - Viðskiptaáætlun og vöruþróun**
Verkefnið er gerð viðskiptaáætlunar og frumgerða af húsmunum úr íslenskum við úr Fljótsdal ásamt gler- og/eða speglaefni. Með það að leiðarljósi að skapa tækifæri í framleiðslu á vönduðum húsmunum á Austurlandi.
- Bara snilld ehf.**
Björgvin Elísson
Samstarf við Skógarafurðir ehf. og Mekkin
Guðmundsdóttur.
- 275.000** **Gönguleið um Tröllkonustíg og Klausturfjall**
Í verkefninu verður kortsett, merkt og stikuð gönguleið um Tröllkonustíg og Klausturfjall að Snæfellsstofu/Skriðuklaustri til að gera gönguleiðina aðgengilegri og öruggari fyrir ferðafólk og heimamenn. Sem hluti af merkingum verður sett upp upplýsingaskilti um bergganginn Tröllkonustíg og þjóðsöguna um myndun hans.
- Hengifoss ehf**
Ingólfur Friðriksson
Samstarfsverkefni við
Vatnajökulsþjóðgarð/
Snæfellsstofu og Skógrækt
ríkisins.
- 350.000** **Afþreying og leiktæki á tjaldstæði**
Með verkefninu er leitast við að auka afþreyingu fyrir börn á tjaldsvæðinu við Végarð, til að gera tjaldsvæðið að álitlegri kosti, sérstaklega fyrir íslenskar barnafjölskyldur.
- Hengifoss ehf**
Sigríður Hulda Stefánsdóttir
- 700.000** **Tilraunaræktun á Burnirót í Fljótsdal**
Verkefni þetta gengur út á tilraunaræktun í smáum stíl til að gera hagkvæmnisathugun á burnirótarræktun fyrir lyfjaiðnað. Ennfremur að sannprófa þekktar aðferðir og yfirfæra á íslenskt yrki og aðstæður.
- Þórarinn Þórhallsson og Sveinn Ingimarsson**

900.000	<p>Markaðsátak Í verkefninu felst að koma vörum Óbyggðasetursins, svæðinu, sérstöðu þess og gæðum á framfæri til einstaklinga sem ferðaskrifstofa.</p>	<p>Óbyggðasetur ehf Steingrímur Karlsson</p>
400.000	<p>Tilraun á hamprækt Innflutningur og ræktun á hamp hefur nú verið leyfður með tilskyldum leyfum. Ef hægt verður að rækta hamp hér á landi mun það skapa mikil tækifæri. Um er að ræða tilraunaræktun til að kanna frekari möguleika á ræktun og til að kynnast jurtinni betur.</p>	<p>Anna Bryndís Tryggvadóttir og Hallgrímur Þórhallsson</p>
800.000	<p>Undirbúningur Hölknárvirkjunar – Brekku Markmið verkefnis er að kanna virkjunarkosti í Hölkná á Brekku með rennslis-, fallhæðsmælingum, jarðkönnun og aðrar rannsóknir.</p>	<p>Hallgrímur Þórhallsson</p>
1.000.000	<p>Stefnumót við Skógarsamfélag III Stefnt er að því að koma á 2-3ja daga Stefnumóti/ráðstefnu/sýningu/vinnustofu sem árlegum viðburði í Fljótsdal. Markmiðið með slíku móti er að leggja grunn og sækja þekkingu að sameiginlegu vörumerki úr efnivið nytjaskógarins. Um er að ræða fyrsta áfanga í þriggja ára verkefni undir vinnuheitinu - Stórt og smátt úr Austfirskum skógi.</p>	<p>SAM-félagið Lára Vilbergsdóttir Samstarf við Skógarafurðir ehf. og Eyjólf Pálsson á Melum.</p>
420.000	<p>Námskeiðaröð í kjötvinnslu Þjóða upp á námskeiðaröð er tengist kjötvinnslu; úrbeining, hámarksnýting skrokka, möguleikar á vinnslu, vöruþróun, kryddblöndun, pylsugerð, bjúgum, reykingum og þurrkun, almenn fræðsla, handleiðsla, heimavinna og ráðgjöf.</p>	<p>Hallormsstaðaskóli Bryndís Fiona Ford</p>
565.000	<p>Rúningur og ullarmta, aukin gæði Þjóða upp á gestakennara frá Brithis wool til að kenna rúning og hvernig hægt er að auka verðmæti ullar með flokkun og meðferð hennar. Tveggja daga</p>	<p>Hallormsstaðaskóli Bryndís Fiona Ford Samstarf við Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps, Íslenskan textíliðnað ehf. og rúningsaðilana</p>



FÖGUR FRAMTÍÐ Í
FLJÓTSDAL

MasterClass í rúningi og eins dags í ullarmati.

Hafliða Sævarsson og Heiðu Guðný Ásgerisdóttur.

1.200.000 Skinnaverkun

Verkefnið gengur út á að komast yfir þau tæki til skinnaverkunnar sem liggja ónotuð á Sauðárkróki og koma þeim fyrir í Fljótsdalnum til að efla atvinnu og fullvinnslu dýraafurða.

Hörður Guðmundsson

860.000

Skemmtilega skiltið

Hugmyndin er að koma upp skilti þar sem ekið er inn í Fljótsdal með öðrum upplýsingum en tíðkast meðfram þjóðvegnum.

Ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps

Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir
Kristín Gunnarsdóttir
Gunnar Gunnarsson

574.000

Efling réttardags

Verkefnið gengur út á að merkja heimadilka í Melarétt, skilarétt fljótsdælinga, með athyglisverðum hætti. Þetta er líður í að efla réttardaginn í Fljótsdal, sem árlega dregur til sín fjölda fólks, og gera réttina að áningastað ferðafólks þess utan.

Ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps

Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir
Kristín Gunnarsdóttir
Gunnar Gunnarsson

300.000

Fljótsdalsbragðið

Verkefnið snýst um að þróa og prófa rétti úr hráefnum sem fyrirfinnast í Fljótsdal. Hugmyndin er að kanna sérstaklega hvaða ætjurtir finnast í sveitinni til að skapa Fljótsdalsbragðið.

Ann-Marie Schlutz

1.500.000

Sauðamjólkuris

Verkefni snýst um að þróa ís, bæði úr sauðamjólki og annarri mjólk og geta selt hann beint til neytenda. Hugmyndin í þessum áfanga verkefnisins er að kaupa sérhæfðan tækjabúnað og þróa ísgerðina.

Sauðagull ehf

Ann-Marie Schlutz